



Húnaþing vestra
Bogi Magnusen Kristinsson
Hvammstangabraut 5
530 HVAMMSTANGI

Garðabær, 17.7.2025
Málsnúmer: 202506-0025
BK/IAS/OKV

Efni: Breyting á aðalskipulagi Húnaþings vestra, Sindrastaðir.

Vísað er til erindis sem barst í gegnum Skipulagsgátt þann 16. júní 2025, þar sem Húnaþing vestra óskar eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um skipulagslýsingu vegna breytingar á aðalskipulagi sveitarfélagsins fyrir Sindrastaði 3 í Víðidal. Breytingin felst í því skilgreint er nýtt verslunar- og þjónustusvæði vegna áforma landeigenda um að byggja á landi sínu hótél með 60-120 herbergjum og 20-30 orlofshús til útleigu. Skipulagssvæðið er um 70 ha að stærð.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér skipulagslýsinguna og vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

Í kafla 2.1 er ekkert fjallað um votlendi þó magnið af skipulagssvæðinu sé votlendi, eða allt sem er gult eða appelsínugult á Mynd 2 í skipulagslýsingunni. Samkvæmt vistgerðakortasjá Náttúrufræðistofnunar er þar einkum um að ræða starungsmýravist með mjög hátt verndargildi og er vistgerðin á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. Einnig eru minni blettir af runnamýravist á láglendi, gulstararflóavist og brokflóavist sem allar hafa mjög hátt verndargildi og eru runnamýravist á láglendi og gulstararflóavist á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. Vistgerðakort Náttúrufræðistofnunar er hugsað til notkunar í mælikvarðanum 1:25.000 og geta ýmsar villur verið í kortinu. Loftmyndir gefa þó til kynna að kortið sýni almennt góða mynd af útbreiðslu votlendis innan skipulagssvæðisins og að þrátt fyrir nokkra framræsluskurði sé land innan svæðisins enn mjög blautt.

Þá er því er ranglega haldið fram að ekki séu náttúruvirkirbrigði innan svæðisins sem njóta verndar. Svæðið er að meginu til votlendi og líklega heyrir umtalsvert meira land undir sérstaka vernd en kemur fram á kortasjá Náttúrufræðistofnunar (<https://serstokvernd.ni.is/>). Kortleggja þarf vistgerðir innan svæðisins af meiri nákvæmni en vistgerðakort Náttúrufræðistofnunar býður upp á.

Ísland stendur undir gríðarlega stórum stofnum vaðfugla sem flestir teljast til svokallaðra ábyrgðartegunda Íslands vegna þess hve hátt hlutfall þeirra verpur hérlendis. Ýmsar blikur eru þó á lofti og benda talningar til þess að fækkun sé að eiga sér stað hjá nokkrum tegundum sem eru þar af leiðandi komnar á nýuppfærðan valista fugla (<https://www.natt.is/is/midlun/utgafa/valistar/fuglar/valisti-fugla-2025>). Vaðfuglum stafar einkum hættu af landnotkun sem leiðir til þess að búsvæði þeirra skerðast en langflestar vaðfuglategundir eru háðar opnum, fremur snöggglendum búsvæðum. Mannvirkjagerð felur ekki einungis í sér beint búsvæðatap heldur hefur einnig neikvæð jaðaráhrif á vaðfugla sem lýsa sér



þannig að þéttleiki margra tegunda er lægri nær ýmsum mannvirkjum en fjær (Tómas Grétar Gunnarsson 2020, Pálsdóttir o.fl. 2022).

Í slíkri mósaík vot- og þurrlendis sem er að finna innan skipulagssvæðisins má reikna með miklum þéttleika vaðfugla og annarra mófugla. Sé horft til sambærilegra búsvæða á Suðurlandi (Jóhannesdóttir o.fl. 2014) er ekki ólíklegt að varpfuglar innan skipulagssvæðisins hlaupi á hundruðum og talningar sem fram fóru í grennd við skipulagssvæðið á árunum 2012-2013 styðja við þá ályktun (Náttúrufræðistofnun, óbirt gögn).

Sökum þess hve vaðfuglar verpa dreift í fjölbreyttum búsvæðum, ná skilgreind *Mikilvæg fuglasvæði* alls ekki utan um öll þau svæði sem geta talist þeim mikilvæg og því ætti ávallt að leitast við að draga úr neikvæðum áhrifum á búsvæði vaðfugla við hvers kyns framkvæmdir. Meðal annars er æskilegt að uppbygging sé hnappdreifð á afmörkuðum svæðum fremur en dreifð yfir stærra svæði en vegna áður nefndra jaðaráhrifa felur dreifð uppbygging jafnan í sér meira tap og uppbrot á búsvæðum vaðfugla.

Bent skal á að votlendi hefur áhrif langt út fyrir mörk sín og því má reikna með að fuglalíf sé einnig mikið á nærliggjandi þurrlendisblettum. Heiðlóa verpur t.d. einkum í mólendi en hún er ein þeirra tegunda sem eru nýjar á valista fugla sem tegund í nokkurri hættu (VU).

Hér er um að ræða að lítt raskað land sem er að stærstum hluta votlendi og stendur undir miklu fuglalífi. Að mati Náttúrufræðistofnunar getur það verið varhugavert að setja fordæmi fyrir umfangsmikilli uppbyggingu verslunar og þjónustu á slíku landi. Lítt raskað votlendi hefur mjög hátt verndargildi vegna kolefnisbindingar auk þess sem mýrar gegna mikilvægri vistkerfisþjónustu. Með framkvæmdum sem t.d. breyta jarðvatnsstöðu eða losa um jarðveg mýranna mun kolefni losna út í andrúmsloftið með tilheyrandi neikvæðum umhverfisáhrifum. Á tímum loftslagsbreytinga ætti skipulag að taka ríkt tillit til votlendis og forðast rask á því eins og kostur er.

Stofnunin vill því eindregið hvetja til þess að fyrirhuguð uppbygging verði hófsöm og einskorðist við afmarkað svæði innan skipulagssvæðisins frekar en að vera dreifð um það allt.

Í kafla 4 Áhrifamat segir:

„Breyting á aðalskipulagi fellur ekki undir lög nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana þar sem breytingin mun ekki fela í sér framkvæmdir sem háðar eru mati á umhverfisáhrifum. Aftur á móti verður gerð grein fyrir áhrifum breytingar á aðalskipulagi á umhverfið í samræmi við 12. grein skipulagslaga nr. 123/2010.“

Þetta fer eftir útfærslu og gæti átt heima í umhverfismati þar sem skipulagssvæðið er frekar stórt og felur í sér verðmætar vistgerðir og mikið fuglalíf.

Sjá t.d. lið 12.04 í 1, viðauka við lög nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana:

“Framkvæmdir við uppbyggingu orlofsþorpa eða hótela og tengdra framkvæmda utan þéttbýlis þar sem heildarbyggingarmagn er a.m.k. 5.000 m² eða gestafjöldi (gistirúm) a.m.k. 200.”

Heimildir

Jóhannesdóttir, L., Arnalds, Ó., Brink, S., & Gunnarsson, T. G. 2014. Identifying important bird habitats in a sub-arctic area undergoing rapid land-use change. *Bird Study*, 61, 544–552.

Pálsdóttir, A. E., Alves, J. A., Gill, J. A., Pálsson, S., Méndez, V. og Gunnarsson, T. G. (2024). Introduction of summer houses into semi-natural habitats: impacts on ground-nesting birds. *Animal Conservation* 27(5), 648–658. <https://doi.org/10.1111/acv.12938>



Tómas Grétar Gunnarsson 2020. Búsvæði og vernd íslenskra vaðfugla. Náttúrufræðingurinn 90 (2–3) bls. 145–162.

Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur